

Orkuveita Reykjavíkur sef
b.t. Benedikts K Magnússonar
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Sameiginlegt útböð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar samstæðu Reykjavíkurborgar.

Hinn 4. maí sl. voru tilboð opnuð í EES útböði nr. 15695 "Ytri endurskoðunarþjónusta fyrir Reykjavíkurborg". Borgarstjórn Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum 16. þ.m. að kjósa lágstbjóðendur, Grant Thornton endurskoðun ehf. endurskoðunarfyrtæki Reykjavíkurborgar. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar og staðfestingar stjórnna félaga í B hluta Reykjavíkurborgar verður gerður samningur um endurskoðunarþjónustu til næstu fimm ára. Samningurinn mun hljóða upp á kr. 387.992.190. Kostnaður Orkuveitu Reykjavíkur verður eftirfarandi á samningstímanum:

Endurskoðun fyrir reikningsárin 2023 – 2027

Orkuveita Reykjavíkur samstæða	4.750.000
Orkuveita Reykjavíkur sef.	33.635.000
OR eignir ohf.	2.500.000
Orka náttúrunnar ohf.	24.203.500
ON Power	24.203.500
Veitur ohf.	24.203.500
Sérstakt uppgjör vegna dreifiveitu rafmagns til Orkustofnunar	2.500.000
Orkuveita Reykjavíkur – Vatns- og fráveita sf.	16.250.000
Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.	806.000
Carbfix hf.	17.639.000
Coda Terminal hf.	806.000
Ljósleiðarinn ehf.	15.861.690
Samtals	167.358.190

Aðrar kannanir og staðfestingar

Könnun 6 mánaða árshlutareiknings samstæðu OR	9.610.000
Könnun 6 mánaða árshlutareiknings Ljósleiðarans ehf.	1.720.000
Staðfesting vegna fjárhagshluta grænna skuldabréffa OR	1.250.000
Staðfesting vegna fjárhagshluta grænna skuldabréfa Ljósleiðarans	1.250.000
Stafesting/endurskoðun á Evrópuverkefnum hjá félögum í samstæðu OR	3.750.000
Yfirferð og staðfesting á grunnlýsingu hjá Orkuveitu Reykjavíkur sef.	1.250.000
Yfirferð og staðfesting á grunnlýsingu hjá Ljósleiðaranum ehf.	1.250.000
Stafesting á NIB og EIB fjárhagsskilyrðum í lánasamningum (e. Covenants) hjá OR	750.000
Staðfesting á samfélagslegum- og stjórnarháttapáttum í ársskýrslu OR til FME	4.500.000
Staðfesting á umhverfispáttum á ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur sef	4.500.000
Staðfesting á yfirlýsingu um vörslufjárreikning hjá Orkuveitu Reykjavíkur til FME	200.000
Staðfesting á ESEF skýrslugjöf á ársreikningi OR samstæðunnar sbr lög nr. 20/2021	1.000.000
Staðfesting á ESEF skýrslugjöf á ársreikningi Ljósleiðarans sbr lög nr. 20/2021	1.000.000
Samtals	32.030.000

Endurskoðunarnefnd Orkuveitu Reykjavíkur sef.

Með þessu bréfi vill endurskoðunarnefnd þakka fyrir þátttöku í útboðinu og minna á að í samræmi við ákvæði sameignarsamnings og laga nr. 3/2006 um ársreikninga þarf nú að kjósa endurskoðunarfélag og leggur endurskoðunarnefnd að samþykka ráðningu Grant Thornton endurskoðunar ehf. sem endurskoðunarfyrtæki Orkuveitu Reykjavíkur sef. og dótturfyrtækja hennar fyrir reikningsskil áráanna 2023 til og með 2027.

Vakin er athygli á ákvæði útboðsins um að endurskoðunarfyrtækinu er ekki heimilt að taka að sér önnur störf en útboðið nær til án samþykkis endurskoðunarnefndar vegna hlutverks hennar gagnvart samstæðunni í heild sinni. Það er því á ábyrgð stjórnenda að koma beiðnum um önnur störf til endurskoðunarnefndar komi slíkt til á samningstíma útboðsins. Beiðnum skal koma til ritara nefndarinnar Halls Símonarsonar á netfangið innriendurskodun@reykjavik.is.

f.h. endurskoðunarnefndar



Lárus Finnbogason, formaður

Afrit:

Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari

Meðfylgjandi:

Tillaga endurskoðunarnefndar til borgarstjórnar dags. 8. þ.m.